

## REGLUR

### fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.

#### 1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum utan svæðisskipulags miðhálandisins er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélaganna, Aðaldælahreppi, Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Þar að auki á Skipulagsstofnun einn fulltrúa í nefndinni með full réttindi annarra nefndarmanna önnur en atkvæðisrétt. Formaður skal skipaður úr röðum nefndarmanna.

#### 2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að gera tillögu að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, sem tekur til alls lands þeirra sveitarfélaga sem tilgreind eru í 1. gr., sbr. 12. og 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Svæðisskipulagið skal unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006 sem hefur það markmið að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Í svæðisskipulaginu verður sett fram stefna um verndun og nýtingu háhitasvæða og flutningslínur rafmagns á öllu skipulagssvæðinu en meginviðfangsefni þess verður afmarkað svæði, sem nær yfir land Þeistareykja, Gjástykki, Kröflu og Bjarnarflag. Á því svæði verður annars vegar sett fram stefna um orkuvinnslu og mannvirki, vegi, línur og aðrar lagnir og hins vegar um verndun vegna náttúrufars og minja auk annarra landnotkunarákvarðana.

#### 3. gr.

Fundi samvinnunefndarinnar skal halda eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til fundar með a.m.k. 7 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmaður ef formaður/varaformaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Ráðinn skal ritara fyrir nefndina. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerðina í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður sem andvígur er ákvörðun meirihlutans á rétt á að fá sérálit bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

#### 4. gr.

Þegar samvinnunefndin hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum auglýstum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna innan sex vikna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umbóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd afgreiða samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir innan fjögurra vikna tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

## 5. gr.

Samvinnunefndin ræður sér skipulagsráðgjafa til að stýra vinnu við svæðisskipulagið. Við hann skal gerður skriflegur samningur. Einnig skulu aðrir ráðgjafar kallaðir til verksins eftir því sem þörf er á. Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við gerð svæðisskipulagsins skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50%, Aðaldælahreppur 12,5%, Norðurþing 12,5%, Skútu-  
staðahreppur 12,5% og Þingeyjarsveit 12,5%. Hvert sveitarfélag um sig og Skipulagsstofnun bera kostnað af þátttöku sinna fulltrúa.

## 6. gr.

Stefnt er að því að samvinnunefndin ljúki störfum, þ.e. afgreiði samþykka tillögu til Skipulagsstofnunar, fyrir 31. desember 2007. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

## 7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. mars 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*